

JÚLIUS ÞÓR HALLDÓRSSON
julius@vb.is

Hugh Short, stofnandi og framkvæmdastjóri bandaríska fjárfestingasjóðsins Pt Capital – sem á helmingshlut í íslensku hótélkeðjunni Keahótel og fjar-skiptafyrirtækinu Nova – segir ríkið ekki hafa gert nóg til að aðstoða ferðaþjónustuna í gegnum heimsfaraldurinn. Næstu ár verði erfið, en góður árangur í baráttunni við veiruna hafi hjálpað til og jafnvel skapað viss tækifæri.

„Það hve vel Íslandi hefur tekist að takast á við faraldurinn hefur skapað eins öruggt umhverfi og hugsast getur á meðan ekki er til bóluefni. Nýleg opnun landamæra í kjölfarið, á undan öðrum löndum, hefur komið Íslandi í eins góða stöðu og hægt er miðað við aðstæður,“ segir hann.

Faraldurinn hafi hins vegar haft veruleg áhrif á ferðamennsku um allan heim, og Ísland sé þar þrátt fyrir allt engin undantekning. „Þetta hefur verið ein af mínum tímafrekustu fjárfestingum nýverið. Það hvernig Ícelandair reiðir af, og í hve miklum mæli erlend flugfélög munu fljúga hingað, mun skipta sköpum fyrir framtíð greinarinnar,“ segir hann, en erfitt sé að segja til um framtíð fluggeirans.

Í aðra röndina stefni í mikil tækifæri fyrir ný félög sem ekki verða hokin af skuldum eftir faraldurinn; kaup- og leiguverð flugvéla verði lágt, framboð vinnuafns nægt og lendingarleyfi á flugvöllum ódýr. Á móti sé mikil óvissa um eftirspurn og tekjur, og óvíst hversu mikið fjármagn fáist til að hefja flugrekstur.

„Eins og aðrir í sömu sporum getum við lítið annað gert en að bíða átektu það sem eftir er af árinu í von um betri tíð á því næsta, sem ég held að verði mun gæfuríkara, þó ég viti ekki frekar en aðrir hversu mikið og hratt aðstæður koma til með að batna.“

Hótelbransinn afar háður ferðamönnum

Short hefur ekki trú á svokallaðri V-laga viðspyrnu. „Ég vona auðvitað að ég hafi rangt fyrir mér, en ég tel að við verðum lengur að ná okkur en það. Það verður mikil barátta að ná fyrri styrk. Ríkisstjórnin hefur átt í miklum erfiðleikum með að setja saman fullnægjandi björgunarpakka fyrir ferðaþjónustuna. Vissulega hefur eitthvað verið gert, en betur má ef duga skal.“

Hótelbransinn á Íslandi sé svo háður erlendum ferðamönnum að að hans mati muni það taka nokkur ár fyrir hann að ná sér að fullu, og þegar yfir verði staðið verði færri og stærri fyrirtæki eftir, eftir tímabil samþjöppunar á næstunni.

Góðu fréttirnar séu hins vegar þær að þorri ferðamanna komi hingað með flugi en ekki

Mikil barátta að ná fyrri styrk

Framkvæmdastjóri sjóðs sem á helming í Keahótelum og Nova er bjartsýnn á framtíð hótélgeirans hér á landi þrátt fyrir bakslag vegna heimsfaraldursins. Nokkur ár muni taka fyrir greinina að ná sér að fullu, og samsetning ferðamanna næstu árin verði önnur en áður, en í því felist bæði tækifæri og áskoranir.



skemmtisiglingum, ólíkt Alaska sem reiði sig að verulegu leyti á sjósamgöngur fyrir ferðamennsku, en Short og Pt Capital eiga sínar höfuðstöðvar þar. „Það er allskostar óvíst hvort og þá hvenær fólk mun treysta sér á skemmtiferðaskip aftur. Ferðaðurinn á Íslandi mun því örugglega ná sér fyrr en á stöðum á borð við Alaska.“

FÓLK NOTAÐ MIKIÐ GAGNAMAGN Í SÓTTKVÍ

A meðan fjárfesting Pt Capital í Keahótelum hefur lent í nokkrum ógöngum vegna faraldursins, hefur fjárfestingin í Nova gefist vel nýverið. „Margir hafa verið að nota mjög mikið gagnamagn meðan á sóttkví stendur. Almenn séd eru viðskiptavinir ánægðir með þjónustuna okkar, starfsemin hefur ekki truflast vegna faraldursins, og uppbygging 5G kerfis okkar er í fullum gangi.“

Ef ekki hefði verið fyrir heimsfaraldurinn telur Short að ferðaþjónustan á Íslandi hefði haft mikla vaxtar-möguleika þrátt fyrir hóflegt bakslag á síðasta ári. „Landið var í afar góðri stöðu og greinin á góðri siglingu. Gjaldþrot Wow og kjarasamningar settu vissulega strik í reikninginn á síðasta ári, en önnur flugfélög hefðu fyllt í skarð Wow, og við í ferðaþjónustunni vorum farin að horfa fram á bjartari tíma.“

Ferðamenn verði yngri og féminni

Stóra spurningin í huga Short nú þegar faraldurinn er í rénun er hver muni vilja ferðast aftur. „Þar til við fáum bóluefni munu mun færri vilja ferðast, og þeir sem það gera verða fyrst og fremst yngri fólk með minna á milli handanna.“

Miklu hefur verið tilkostað til að fá hingað eldri ferðamenn með djúpa vasa á síðustu árum. Bláa lónið hefur aukið þjónustustig sitt og hækkað verð, fimm stjörnu hótél hafa

opnað og mikið lagt upp úr sérfræðiráðstefnum, svo dæmi séu tekin. „Eldra fólk eins og við vitum er að jafnaði útsettara fyrir kórónuveirunni, og verður því mun meira hikandi við að hoppa upp í flugvél.“

Þótt minna verði til skiptanna fyrir ferðaþjónustuna sér hann viss tækifæri í þessari þróun. „Að því gefnu að faraldurinn blossi ekki upp að nýju eftir að opnað er á innflæði ferðamanna væri hægt að rækta mjög sterka og jákvæða ímynd Íslands sem einstaks og öruggs áfangastaðar.“

Auk þess að vera svo til laus við veiruna – að minnsta kosti í bili – er Ísland þekkt fyrir hluti sem eru mörg ungu fólk ofarlega í huga. „Unga kynslóðin í dag hefur miklar áhyggjur af loftslagsmálum, félagslegum ójöfnuði og fleiri málum sem Ísland kemur vel út í.“

Ísland er aðlaðandi áfangastaður eins og er fyrir þá sem eru að leita að ódýrri utanlandsferð en vilja fá mikið fyrir

peninginn. Þau hótél sem eru opin bjóða góð verð, bílaeigubílar fást fyrir slíkk, og fátt er um manninn við helstu náttúruperlur landsins.“

Afdrif fluggeirans hafi mikil áhrif

Á heimsvisu muni það þó taka ferðamennsku mörg ár að ná sér, og það hversu mikinn hluta hennar við fáum hingað til lands og hversu hratt muni velta að verulegu leyti á því hversu vel Ícelandair – sem eina eftirlifandi innlenda flugfélaginu – tákist að ná sér á strik. „Rekstrarvandi innlenda fluggeirans hefur tvímælalaust tekið vindinn úr seglum ferðaþjónustunnar,“ segir hann og hlær þegar blaðamaður hrósar honum fyrir áhuga-verit myndmál.

Að öllu sögðu er Short nokkuð jákvæður á framtíðina. „Það er umtalað hversu vel Íslandi gekk í viðureign sinni við faraldurinn, og að landið sé þegar farið að opna að nýju. Þetta mun taka tíma, en þetta er allt á réttri leið.“